

Ljóskerið á Teigakotsteig

Ekki verður með vissu ráðið, hvenær fyrst var hreyft innan Æfingarfélagsins hugmynd um byggingu vita og stofnun söfnunarsjóðs í því augnamiði. Fram kemur í fundargjörð 8. mars 1885, að lesin var uppástunga frá Birni Ólafssyni á Bjargi, “er fór fram á að efla [h]inn svokallaða *Vitasjóð* með því að gefinn væri á næstu vetrarvertíð einn fiskur (þorskur) af hverjum hlut fríviljuglega”.¹ Fundarmönnum þótti þá sumum “það ekki eiga við að biðja um gjafir til þessarar stofnunar meðan fyrirtækið ekki væri lengra á veg komið”, og umræðu því frestað til næsta fundar.

Björn Ólafsson í Oddsbæ

Sá sem fyrstur hreyfði hugmynd um vitabyggingu á Akranesi (1885) og ýmsum öðrum tillögum til úrbóta í útvegsmálum var Björn Ólafsson húsmáður á Bjargi (síðar í Oddsbæ). Hann var fæddur 1857 og lést 1890. “Björn var vel gefinn, dugnaðarforkur, afburða formaður. Var talinn hafa átt mikinn þátt í því að eina skipið, sem bjargaðist í Hoffmannsveðrinu 1884, náði í land”.²

Samkvæmt gjörðabók félagsins virðist þó sem málið hafi legið í salti um næstu ár. Umræður voru a.m.k. ekki færðar til bókar. Á fundum hreppsnefndar virðast vitamál heldur ekki hafa verið rædd fyrr en á almennum fundi í barnaskólanum 22. nóv. 1887. Þá upphófust umræður “á víð og dreif um vegagjörðir og leiðarvísir fyrir sjómenn með ljósi í luktum í sundvörðunum, og þókti öllum er tóku til máls, hvorutveggja nauðsynja málefni”. Hallgrímur hreppstjóri skoraði sérstaklega á hreppsnefndina “að spara ekki fé hreppsins til þessara umræddu og

tilvonandi framkvæmda og gaf þá samstundis 1 kr. til luktakaupa og lofaði vinnu manna sinna í vegagjörð”.³ Tæpu ári síðar (26. sept. 1888) “var luktamálið á dagskrá” hreppsnefndar “og var ákveðið að fá Erlend í Sjóbúð fyrir verkstjóra til að hlaða upp vörðuna og sýndist [. . .] rétt að þeir er við sunnið búa legðu góðan skerf til hlaðningarinnar.”⁴ Ekki er fullljóst af þessu við hvaða sund er átt, en naumast getur verið um annað en Lambhúsasund að ræða. Sundvarða þessi var þó hlaðin og jafnvel fleiri en ein með ljósabúnaði, því hinn 2. nóv. 1889 samþykkti hreppsnefndin “að borga B[jarna] Jörundssyni luktirnar fyrir sundmerkjaljósin”.⁵

Á fundum Æfingarfélagsins 6. og 14. desember 1889 bar Björn Ólafsson (þá í Oddsbæ) upp að nýju tillögu um “stofnun vita á Breiðinni”:

Mér hefur dottið í hug að vekja athygli fundarmanna á því, hvort þeim sýndist ekki nauðsynlegt að hér stæði viti á Skaganum, á Breiðinni, nefnilega svo góð lugt er bæri það ljós er sjófarendur gætu farið eftir í myrkri bæði innlendir og útlendir. Árið 1885 var haldinn fundur í Ytri-Akraneshreppi í Heimaskaga, er fór fram á að koma sér upp ljósi sunnanverðu hér á Skaga og skutu þá nokkrir menn saman og gáfu nokkrar krónur og margir lofuðu miklu, því öllum sýndist þetta mikið áriðandi. Hvað við erum á eftir öðrum þarf jeg ekki að lýsa fyrir mönnum í þessu falli. Hér að sunnanverðu við Faxaflóa er ljós á flestum annesjum og mörg af þeim (vitum) komnir í kortið, og þá eru ekki svoleiðis vitar tilfinnanlegir í peningalegu tilliti.⁶

Sem vænta mátti gerðu fundarmenn “góðan róm að málefni þessu og Hallgrímur Jónsson hvatti menn til að sýna því áhuga og mynda nú þegar á fundi þessum sjóð, sem hann kvaðst vilja taka að sér að koma á vöxtu og kvaðst sjálfur byrja með 10 kr. gjöf, en sjóðurinn ætti svo að vera til taks þegar byrjað yrði á byggingu vitans”. Að beiðni fundarstjóra gerði sérhver fundarmaður grein fyrir álitinu sínu á slíkri sjóðsstofnun “og lofuðu þessir í því skyni gjafir sínar í peningum til hreppstjóra [. . .] fyrir 1. jan. 1890”.

¹ H.A. Gjörðabók Æfingarfélagsins 1882-1889, bls. 77.

² *Borgfirzkar æviskrár* I, bls. 447.

³ H.A. Gjörðabók Ytri-Akraneshrepps 1885-1904, bls. 90.

⁴ *Ibid.*, bls. 110-111.

⁵ H.A. Gjörðabók hreppsnefndar 1885-1904, bls. 132.

⁶ H.A. Gjörðabók Æfingarfélagsins 1889-1905.

Samtals skrifuðu 20 manns sig fyrir fjárframlögum að fjárhæð 48,40 kr., þar af Hallgrímur fyrir 10 kr. og Snæbjörn kaupmaður fyrir 5 kr. Einnig voru kosnir eftirtaldir í nefnd til að hrinda málinu í framkvæmd: Hallgrímur hreppstjóri (formaður nefndarinnar), Sigurður Jónsson kaupmaður, Björn Ólafsson í Oddsbæ, Magnús Ólafsson faktor og Árni Magnússon í Geirmundarbæ.

Voru þá hafin samskot meðal félagsmanna og söfnuðust á þessum fundi 48.75 krónur frá 20 einstaklingum. Kosin var framkvæmdanefnd og hlutu þessir kosningu: Hallgrímur Jónsson hreppstjóri, Sigurður Jónsson kaupmaður og klénsmiður, Björn í Oddsbæ, Magnús Ólafsson faktor og Árni Magnússon í Geirmundarbæ.

Nefndin vann kappsamlega og milli hátíðanna (26. desember) lagði hún fram á félagsfundinum ítarlegt nefndarálit ásamt kostnaðaráætlun um byggingu víta á þeim tveimur stöðum, sem hún taldi helst koma til greina:

Vér sem kosnir vorum af Æfingarfélaginu í nefnd til að íhuga og láta álit vort í ljósi viðvíkjandi tillögu hr. Björns Ólafssonar í Oddsbæ um að reistur verði víti hér á Breiðinni, leyfum oss í tilefni af ofangreindu að tjá hinu heiðraða Æfingarfélagi sameiginlegt álit vort:

Með því að fyrst var til umræðu, hvar heppilegast myndi að hinn fyrirhugaði víti yrði byggður, byrjuðum við á að íhuga, hvort Breiðin væri hentugur staður fyrir slíka byggingu. Oss var fyrst að tala um þenna stað út af því, að allflestir af þeim sem tóku til máls um tillögu þessa þegar hún var á dagskrá, höfðu augastað á honum fremur en öðrum stöðum hér á Skaga til þessa fyrirtækis, bæði vegna þess að þar er gnægð af efni (grjóti) við hendina og þar stendur vitinn næst sjó á þeim stað sem sjófarendur þurfa helst að forðast, er þeir koma að Skaganum í dimmu.

Nefndin álitur sjálfsagt, ef vitinn verður reistur á þessum stað, að byggja verði undir hann steinstöpul áttstrendan eða sívalan (helst holan uppúr til hægðarauka þeim sem kveikja ljósið) sem ekki má vera minna en 12 fet að þvermáli neðst, 24 fet á hæð og 10 fet að þvermáli efst, að sjálfsögðu allur lagður í sement, og efst í stöpul þennan þurfi traustan binding til þess að halda lugtarstönginni, er helst þarf að vera 24 feta há frá efri brún stöpulins, og loks efst á steinstöpulinn þurfi skýli umhverfis stöngina fyrir þann sem kveikja á ljósið.

Byggingarfyrirkomulag það, sem hér er tekið fram, álitum vér hið umfangsminnsta sem hægt er að komast af með á nefndum stað, sérilagi af tveimur ástæðum, sem samrýmast hvor annari og hér skal greina. Sú fyrri er: að staðurinn liggur svo lágt, að þar þarf að minnsta kosti lugtin eða ljósið að vera 40 fet fyrir ofan undirstöðu byggingarinnar til þess að eins mikið beri á því ljósi og öðrum ljósum hér á Skaganum. En hin er sú: að óumflýjanlegt er að hafa allmikinn hluta byggingarinnar úr grjóti vegna sjóargangs um hana og hæð vitans í heild sinni. Þessar tvær ástæður samrýmast hver annari að því leyti, að væri steinstöpullinn hafður lægri en hér er gjört ráð fyrir, þyrfti lugtarstöngin að vera þeim mun hærri (og væri líklega vandfengnari úr góðu efni) en þá um leið átakameiri í stormi og þar af leiðir einnig, að stöpullinn verður að vera þeim mun umfangsmeiri sem hann er hærri. Væri nú stöpullinn hafður hærri, lækkaði að vísu við það stöngin, en stöpullinn mætti þar fyrir ekkert missa af ummálin sínu, en það er auðsætt að fyrirtækið er þeim mun kostnaðarsamara sem hann er meiri (nl. steinstöpullinn). Að voru álitum mundi víti á þessum stað ekki verða reistur fyrir minna en 1500 – 2000 kr. svo framarlega sem hann ætti að vera viðunanlegur að öllum útbúnaði. Þar vér nú álitum að lítil ráð séu til að útvega svo stóra upphæð sem hér er átt við, ráðum vér til þess, að ekki sé hugsað um Breiðina fyrir vitastæði fyrst um sinn meðan lítil ráð eru til að standast kostnað þann sem af fyrirtækinu leiðir. Nefndin gjörði sér ennfremur far um að finna ráð til að reisa víta á Breiðinni án þess að viðhafa steinstöpul og þannig að fengið væri t.d. stórmastur 45-50 feta langt og reist upp á þessum stað, fest með þremur stögum (bardónur). Ennfremur þarf viðbót við mastur þetta sem stöng fyrir sjálfa lugtina, en með öllum útbúnaði er nefndin viss um að þetta fyrirkomulag mun hafa í minnsta máta 800 kr. kostnað í för með sér.

Þar á móti álitum vér hinn besta veg að koma á víta hér á Skaganum, sem ætti að geta orðið almenningi til góðra nota án mikils kostnaðar, að viðhafa eftirfylgjandi fyrirkomulag á byggingu hans:

Á Teigakotsteignum (hæsta punkti Skagans) ætti að byggja steinvörðu (til stuðnings) sem ekki þyrfti að vera sementeruð. Uppúr miðri vörðunni stæði svo sjálf lugtarstöngin (hér um bil 12 áln. langt tré) studd af vörðunni og þar að auk af nokkrum skástífum úr tré. Á tvo vegu við þessa lugtarstöng þyrfti svo sína járnstöngina hvoru megin fyrir lugtina að renna eftir upp og ofan, en lugtin væri hreyfð upp og ofan eftir járnstöngunum með þar til gjörðum járnkeðjum. Að síðustu þyrfti skýli úr borðum neðst við stöngina fyrir þann sem kveikja á. Lugt sú sem hér mundi þurfa ætti að vera í lagi sem venjulegt götulugt, en stærðin 20 þuml. að hæð, 8 þuml. að breidd neðan og 18 þuml. að breidd ofan. Ef fyrirkomulagi þessu verður fylgt, álitum vér þar kostnaðurinn ekki mun fara yfir 200 kr. enga frágangssök að byrja nú þegar fyrirtækið svo farið verði að nota vitann um byrjun næstkomandi vetrarvertíðar.

Ef oss ekki skjátlar mikið í áætlun kostnaðarins við stofnun þessa, ætlum vér að hinu heiðraða Æfingarfélagi þætti sómi að eiga sem mestan þátt í honum og allri framkvæmd stofnunarinnar, sem vér efumst ekki um að verði af öllum fjær og nær álitin þarft fyrirtæki.

Þegar fleiri en Skagamenn fara að hafa einhver afskipti af vita þessum, vér viljum tiltaka hið opinbera að kosta ljósið og sjófarendur af hafskipum að nota það ásamt öðrum, getur vel hugsast að tækifæri bjóðist til þess að færa vita þennan ofan á Breiðina hvað peninga snertir. En það er einnig álit vort, að sé vitinn færður úr stað megi vel nota lugtina, stöngina og annan útbúnað með öðru fyrirkomulagi á nýjum stað.⁷

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til staðsetningar vitans og toguðust þar á þau ólíku viðhorf, hvort vitinn ætti að gagnast innsiglingunni á varirnar við Krossvík eða á Lambhúsasundið. Árni Magnússon, sem hafði framsögu fyrir nefndarálitinu, Björn Ólafsson og Hallgrímur hreppstjóri lögðu til “[a]ð hinn fyrirhugaði viti verði reistur á Teigakotsteignum með áðurgreindu fyrirkomulagi fyrir næstkomandi vetrarvertíðarbyrjun”, en Magnús Ólafsson faktor og Sigurður Jónsson kaupmaður töldu “Lambhúsateiginn hentugri stað fyrir vitastæði en Teigakotsteiginn”.

Mikil umræða varð um málið og allir fundarmenn “samdóma nefndinni í því, að of kostnaðarsamt myndi vera að reisa vita á Breiðinni, heldur að viti væri reistur á Skaganum á einhverjum þeim stað, sem hæstur væri yfir sjávarflöt og í aðra staði hentugur”. Greidd voru atkvæði um hvort staðsetja ætti vitann á Teigakotsteignum eða Lambhúsateignum, og “var með nafnakalli samþykkt með 10 atkv. gegn 9 [. . .] að vitann skyldi reisa á Teigakotsteignum, þar sem hann er hæstur með því fyrirkomulagi sem nefndarálitið bendir til”. Jafnframt var samþykkt, að Æfingarfélagið gengist fyrir samskotum á þeim almenna fundi sem bjargráðanefndin hefði boðað til í barnaskólanum tveimur dögum síðar (28. desember) “og að Æfingarfélagið yfir höfuð annist um framkvæmdir þessa fyrirtækis og sjái um að vitinn verði fullgjörður fyrir byrjun næstkomandi vetrarvertíðar”. Var Sigurði Jónssyni kaupmanni og járnsmið í Hoffmannshúsi falið að gera kostnaðaráætlun og taka “verkið að sér uppá “accord”.

Á nefndum fundi var málið kynnt og safnað fjárframlögum (um 40 kr.) til viðbótar þeim 60 krónum, sem þá höfðu þegar safnast. Töldu Æfingarfélagsmenn sér því ekkert að vanbúnaði að hefjast handa á fundi þann 11. janúar 1890 eftir að hafa týnt sjálfir upp úr vösum sínum 47 krónur til viðbótar. Samþykkt var að Sveinn Guðmundsson (formaður)

gjörði samning fyrir félagsins hönd við Sigurð kaupmann Jónsson um vitabygginguna á Teigakotsteignum. Verður sá samningur þegar hann er gjörður skuldbindandi fyrir félagið. Þá var enn fremur ráðið að byrja þegar eftir næstu helgi að flytja grjót til undirstöðu byggingar vitans. Skyldi formaður senda Skagabúum skriflega áskorun um að flytja grjótið, en 4 kosnir Æfingarfélagsmenn gengu út með áskoranirnar og söfnuðu saman mönnum, en hreppstjóri Hallgr. Jónsson skyldi sjá um upptöku grjótsins.⁸

Daginn eftir gekk Sveinn Guðmundsson frá svohljóðandi verksamningi við Sigurð kaupmann:

⁷ HA. Gjörðabók Æfingarfélagsins 1889-1905.

⁸ HA. Gjörðabók Æfingarfélagsins 1889-1905, bls. 28-29.

Jeg, kaupmaður Sigurður Jónsson í Hoffmannshúsi, lofa og skuldbind mig til að koma upp vita á Teigakotsteignum með því fyrirkomulagi sem hér segir:

- 1) er trjéstöng í það minnsta 10 al. á hæð fyrir ofan jörðu og umhverfis hana timburskúr 2½ al. á hverja hlið og 3 al. á hæð úr binding og klædda með ¾ borðum.
- 2) Lugt skal setja efst á stöngina. Hún skal vera úr járni með einum lampa tilsvarendi og verða höluð upp og ofan stöngina á tveimur járnstöngum. Rúðustærðin á lugtinni skal ekki vera minni en í Valhúslugtinni [á Seltjarnarnesi].
- 3) Verki þessu skal lokið 1 mars n. k., þó skal Æfingarfélagið skylt til að veita byggingu þessari móttöku strax og jeg hef það fullgjört eða leyst sómasamlega af hendi.
- 4) Fyrir verk þetta áskil jeg að fá útborgað í peningum samkvæmt því, sem hér fer á eftir 165 kr.⁹

Samán fór að samningur þessi var lagður fyrir félagsfund hinn 25. janúar og kynnt var að Sigurður hefði lokið smíði vitans, rúmum mánuði fyrir umsaminn tíma! Virðist raunar sem smíðinni hafi verið lokið nokkrum dögum fyrr, því í privatbréfi Bøðvars kaupmann til Sigurðar Þórðarsonar sýslumanns dags. 21. janúar sagði hann m.a.: “Héðan á Skaganum ber ekkert til tíðinda. Aðeins til nýbreytni er að nú er reistur viti að Teigakoti og hefir Sigurður smíður og bakari tekið að sér að byggja hann (með efni) fyrir 165 krónur, en þær að miklu leyti komnar inn í fríviljugum samskotum”.¹⁰

Mikil gleði ríkti á ofanefndum fundi og var ákveðið “að byrja skyldi að kveikja á

Sigurður Jónsson

Fyrsti viti Akurnesinga var byggður í janúar 1890 á Teigakotsteig af Sigurði Jónssyni (f. 1843-1935). Sigurður bjó á Akranesi 1888-1892, var annálaður járnsmíður og rak verslun og bakarí í Hoffmannshúsi.

Birta mynd af Sigurði

vitanum 1. febrúar næstkomandi, þar eð Guðm. kaupm. Ottesen einnig gefur olú er til vitans þarf í vetur. Samþykkt var og á fundinum að fá Bjarna Jörundsson á Litlateig til að vera vitavörð í vetur”.¹¹ Bjarni var járnsmíður¹² og gæti mögulega hafa smíðað lugtina í vitann líkt og í sundvörðurnar. En þá kom óvænt babb í bátinn. Landshöfðingi hafði fengið spurnir af byggingu vitans¹³ og gefið amtmanni

fyrirmæli um að banna Akurnesingum að kveikja á honum fyrr en búið væri að reikna út hnattstöðu hans og auglýsa hana af réttbærum yfirvöldum, jafnt fyrir innlendum og útlendum sæfarendum. Þessi óvæntu tíðindi kynnti Hallgrímur hreppstjóri á fundi í Æfingarfélaginu 15. febrúar og eins bréf sitt til amtmanns. Þar óskaði hann eftir því “að amtmaður útnefni mann til að koma hingað og mæla hnattstöðu ljósakersins, en getur þess jafnframt, að ekki sé víst að menn hér kostuðu sendiför, eins og amtmaður þó hafði ætlast til”. Ekkert svar hafði þá enn borist frá amtmanni, en Hallgrímur lagði til að kveikt yrði “á vitanum nokkrum sinnum til að reyna hann, og að hann væri tendraður næstu vertíð, þegar þess þætti þörf og menn væru á sjó í dimmu veðri, og féllust fundarmenn á það”.¹⁴

Úr þessum vandræðum greiddist þó að nokkru við bréf amtmanns, sem lesið var upp á fundi Æfingarfélagsins 15. mars. Þar gat amtmaður þess, “að ekki muni þurfa að mæla hnattstöðu vitans, heldur mætti ákveða hnattstöðu hans og hæð frá sjávarmáli eins og Björn sál. Gunnlaugsson hafi ákveðið hana fyrir Skipaskaga og sem til er tekin í almanakinu”. Hins vegar lagði amtmaður blátt bann við því “að kveikja á ljóskerinu fyr en hreppsnefndin í Ytri-Akraneshrepp hafi tekið að sér að standa að öllu leyti fyrir kveikingu þess, pössun og viðhaldi og hversu lengi hún vilji láta kveikja á ljóskerinu, svo og um hvernig litt ljóskerið er, hversu langan tíma í sólarhring það skuli loga o.s.frv., svo ábyrgð megi koma fram á hendur

⁹ HA. Gjörðabók Æfingarfélagsins 1889-1905, bls. 31-32.

¹⁰ Þ.Í. Skjalasafn Borgarfjarðarsýslu II.75a. Bréf 1890-1896.

¹¹ HA. Gjörðabók Æfingarfélagsins 1889-1905, bls. 32.

¹² Bjarni (f. 1853) var sonur Jörundar Þorsteinsson járnsmíðs á Litlateig.

¹³ Ath. bréfasafn landshöfðingja.

¹⁴ HA. Gjörðabók Æfingarfélagsins 1889-1905, bls. 36-37.

hreppsnefndinni ef hún vanrækti eitthvað í þessu efni”. Ekki mætti kveikja á kerinu fyrr en tilkynning um þetta allt væri birt “af landshöfðingja í innlendum og útlendum blöðum”.¹⁵

Þeir félagsmenn Æfingarfélagsins sem kostað höfðu byggingu vitans að stærstum hluta¹⁶ töldu það augljóslega í sínum verkahring að leiða þetta mál til lykta og hafa a.m.k. fyrst um sinn að einhverju marki eða jafnvel öllu umsjón með rekstri hans, sbr. ráðningu Bjarna. Á þessum fundi var hins vegar afráðið að verða við tilmælum amtmanns og samþykkt “að afhenda hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps vitann. Skyldi hann afhentur skriflega af 3 manna nefnd”, sem í voru kjörnir Sveinn Guðmundsson í Mörk, Hallgrímur hreppstjóri og Snæbjörn kaupmaður.

Hreppsnefndin sá nú fram á nýjan útgjaldalið og óskaði því 4. apríl 1890 skriflega eftir styrk við sýslunefnd “fyrir ljóskerið á Skaganum af sýslusjóði eður þá hún gefi bendingu um hvert leita skyldi styrk til vitans ef nefndin ekki sæi sér fært að veita neitt af sýslusjóði”.¹⁷ Á fundi hreppsnefndar 15. júní var einnig “samþykkt að skrifa amtmanni viðvíkjandi vitanum og þar að lútandi samningum um kveikingu og notkun” hans”. Jafnframt var vakin athygli á því, að til þess “að nefnt ljósker geti orðið að sem mestum og bestum notum fyrir alla siglingamenn”, mætti hinum ávelborna amtmanni þóknast “að gefa út reglur fyrir notkun ljóskersins, hreppsnefndinni til undirskrifar og eftirbreytni, þar eð nefndin treystir því, að reglur þær verði svo sanngjarnar að hún geti aðhyllt þær án hættulegrar ábyrgðar fyrir hreppsfélagið”.¹⁸ Sömuleiðis var í fjárhagsáætlun gert ráð fyrir 100 króna framlagi vegna kostnaðar “við ljósker”,¹⁹ trúlega til að ljúka greiðslum til Sigurðar kaupmanns og kosta umsjónarstarf Bjarna.

Eitthvað stóð afgreiðsla málsins í amtmanni, því vitamálið kom aftur á dagskrá hreppsnefndar 15. september: “Rætt var um leiðarljósið á Teigakotsteignum; samþykkt að Sv. Guðmundsson og Bjarni Jónsson skrifi bréf til amtmanns og tilkynni honum að kveikt verði á ljóskerinu eftir þörfum frá 1. okt. næstkomandi”.²⁰ Ekki kom þó til þeirra bréfaskrifta, því rétt í þann mund barst bréf frá amtmanni (dags. 27. sept.) ásamt leiðbeiningum um gerð skuldbindingarskjals “viðvíkjandi ljóskerinu á Skipaskaga”. Á fundi hreppsnefndar 14. október var samið skuldbindingarskjal samkvæmt forminu, undirskrifað af öllum hreppsnefndarmönnum á fundinum og sent með bréfi til amtmanns.²¹ Með því skuldbatt hreppsins sig til á kostnað hreppssjóðs, “að standa fyrir kveikingu, pössun og viðhaldi þessa ljóskers [. . .], að annast um að allur útbúnaður á þessu ljóskeri verði hinn traustasti og að tafarlaust eða svo fljótt sem auðið er verði gjört að ljóskerinu, ef það skyldi bila eða útbúnaður þess”, og ennfremur “tafarlaust að tilkynna það amtinu, ef hætt verður við að nota nefnt ljóskeri, svo nauðsynleg auglýsing verði látin út ganga um það fyrir sjófarendur”.²²

Vitamálið var nú loksins í höfn, enda hafði hnattstaða ljóskersins verið mæld, eins og eftirfarandi auglýsing amtmanns dags. 22. nóv. 1890 staðfesti:

Til leiðbeiningar fyrir sjófarendur verður frá 1. d. marsmánaðar 1891 tendrað ljósker á Skipaskaga á Akranesi, að tilhlutan hlutaðeigandi hreppsnefndar. Ljóskerið stendur á Teigakotslóð, sem liggur á 64° 18' 45" norðl. br. og 34° 43' 30" lengdar vestur frá *Kaupmannahöfn*, 46 fet fyrir ofan sjávarmál, og verður ljóskerið 20 fet frá grundvelli, sýnir hvítt ljós og lýsir í 3 áttir, norður, suður og vestur. Á ljóskerinu á að loga með fullri birtu frá

¹⁵ Ibid., bls. 45.

¹⁶ Bygging vitans var að öllu leyti kostuð af samskotafé meðal félagsmanna og annarra Skagabúa, en til að ljúka greiðslu reikninga í lokin var 63 krónum jafnað niður á félagsmenn 4. júní 1890, sbr. gjörðabók bls. 51 og 57-59. Ekki hafa fundist fyrir því heimildir að sýslusjóður eða landssjóður hafi lagt Akurnesingum til stofnstyrki vegna þessarar framkvæmdar. Á fundi sýslunefndar 26. mars 1890 var að vísu lögð fram beiðni hreppsnefndar “um styrk úr sýslusjóði til ljóskers, sem er í áformi að reisa á Skipaskaga”, en væntanlega til reksturs þess. Erindinu var “vísað til nefndarinnar í búnaðarfélagsmálinu”, sbr. HB. Gjörðabók sýslunefndar XLVI.1. 1874-1899, bls. 217.

¹⁷ HA. Bréfabók hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps 1881-1894.

¹⁸ HA. Gjörðabók hreppsnefndar 1885-1904, bls. 137; Bréfabók hreppsnefndar 1881-1894 (18/6 1890).

¹⁹ HA. Gjörðabók hreppsnefndar 1885-1904, bls. 139.

²⁰ Ibid., bls. 141.

²¹ Ibid., bls. 143.

²² HA. Bréfabók hreppsnefndar 1881-1894 (14/10 1890).

því 60 mínútum eftir sólarlag og þangað til 45 mínútum fyrir sólaruppkomu, fyrst um sinn frá 1. mars til 14. maí og frá 1. október til 31. desember ár hvert.²³

Hreppsnefndin hafði nú tekið að sér allan rekstur á vitanum. Lá því fyrir að ráða með formlegum hætti í starf vitavarðar. Á fundi 5. janúar 1891 var samþykkt “að slá upp til birtingar sýslaninni sem vitavörður á Akranesi; skulu umsóknarbréfin vera komin til oddvita fyrir lok þ.m. Launin eru 10 aurar um sólarhringinn”.²⁴ Tveir sóttu um starfið: Bjarni Jörundsson á Litlateig og Magnús Magnússon Hólm, húsmáður í Teigakoti. Samþykkt var með öllum atkvæðum 16. febrúar að ráða Magnús “fyrir vitavörð til 14. maí fyrir 10 aura borgun um sólarhringinn og var samningur gjörður á fundinum milli hans og hreppsnefndarinnar”.²⁵

Magnús gegndi starfinu umsáminn tíma, en 14. september var tilkynnt á hreppsnefndarfundum “að hann eftirleiðis væri ófáanlegur til að stunda Teigakotsvitann fyrir sömu þóknun og í fyrra nfl. 10 aura fyrir kvöldið”. Var því ákveðið “að slá sýslan þessari upp svo öðrum gefist kostur á að taka hana að sér fyrir sömu þóknun”.²⁶ Magnús var þó endurráðinn frá 1. október²⁷ og getur hvorki starfskjara hans né annarra umsækjenda í hreppsþók. Vitavarslan fór þó ekki áfallalaust af stað þá um haustið, því þegar á fyrsta starfsdegi varð Magnús fyrir óvæntu aðkasti. Þegar hann um kvöldið hafði nýlengi við að kveikja á luktinni og dregið hana upp í stöngina, kom þar aðvífandi tvítugur sjómaður, Daníel Guðmundsson í Odds bæ, og tók að klifra í keðjunni. Sinnti hann í engu óskum Magnúsar um að hætta þessu uppátæki svo að Magnús réðst í “að taka hann ofan og vísa honum burt frá ljóskerinu, og leit út fyrir að það mundi ganga fyrir sig umsvifalítið”.

En allt í einu kom þá sambýlismaður minn, Sigurður Halldórsson, að baki mér og jarðvarpaði mér með sama og kvað mig fara illa með Daníel sem þó ekki var, með fleiri orðum illum sem hann hafði við mig, og þrátt fyrir það þó jeg leitaðist við að sýna honum fram á hver skylda mín væri með umsjón ljóskersins, þá flaug hann á mig aftur og dró mig nokkurn spöl eftir teignum og gjörði mikið úr þeim yfirburðum sem hann hefði yfir mig, hvað krafta snertir og illyrti mig að nýju í margra manna viðurvist, sem komið höfðu þangað þegar háreistin heyrðist. Baðst jeg þá eftir að nefndur Sigurður væri tekinn og honum haldið, en enginn gaf sig til þess, en eftir að jeg hafði fengið frið til að standa upp, bað jeg alla sem þá voru viðstaddir að minnast viðureignarinnar og tilnefndi sérstaklega Finnþoga G. Lárusson á Kringlu og Ólaf Gunnlaugsson í Guðrúnarkoti, til að bera það sem þeir sáu.²⁸

Gekk Magnús þegar á fund Hallgríms hreppstjóra í Guðrúnarkoti. Taldi hann sig “hafa orðið fyrir óverðskuldaðri árás og spjöllum á fatnaði ásamt meiðandi orðum” og mæltist því til að hreppstjórinn sendi þessa umkvörtun sína til sýslumanns, svo að bæði honum og öðrum “gefist kostur á að vita: hvert að ljóskerið og sá sem það stundar er ekki svo réthátt, að heimtaðar verði skaðabætur og sektir fyrir árásir og ókurteisi óhlutvandra manna eins og hér hefir átt sér stað”. Hallgrímur brást skjótt við og óskaði þess að sýslumaður tæki þetta mál við fyrsta tækifæri “svo sem annað lögreglumál”.²⁹

Sigurður sýslumaður sá hins vegar ekki ástæðu til að ómaka sig ofan frá Arnarholti suður á Akranes út af þessum titlingaskít. Bað hann Hallgrím um að bera Magnúsi “ljóskerskveikjara” þau skilaboð, “að ef menn þeir, sem hann kærir, hafa ekki gjört né reynt til að gjöra skemmdir á ljóskerinu, þá verður málið ekki tekið fyrir sem opinbert mál, heldur verður Magnús sjálfur að sækja þá fyrir árásir þær og illmæli, sem þeir hafa veitt honum”.

²³ *Stjórnartíðindi* 1890B, bls. 183-184.

²⁴ HA. Gjörðabók hreppsnefndar 1885-1904, bls. 151; Bréfabók hreppsnefndar 1881-1894 (5/1 1890).

²⁵ HA. Gjörðabók hreppsnefndar 1885-1904, bls. 151; Bréfabók hreppsnefndar 1881-1894 (16/2 1890).

²⁶ HA. Gjörðabók hreppsnefndar 1885-1904, bls. 162.

²⁷ ÞÍ. Skjalasafn Borgarfjarðarsýslu II.75a. Bréf 1890-1896.

²⁸ ÞÍ. Skjalasafn Borgarfjarðarsýslu II.75a. Bréf 1890-1896 (2/10 1891).

²⁹ *Ibid.* (3/10 1891).

Bæri Magnúsi því að leggja málið fyrir sáttanefnd og hafi sáttatilraunir farið fram þegar Sigurður ætti næst ferð um Skagann, væri hann reiðubúinn að taka málið fyrir.³⁰

Þetta tilræði við vitavörðinn kom þó aldrei til kasta dómstóla, því skjótur endi var bundinn á vitavörslu Magnúsar með því að hinn 16. nóvember fórst hann ásamt fleirum í fiskiróðri á Kúamiði.³¹

Óþekkt er hverjir gegndu vitavörslu um næstu ár, enda málefni vitans hvergi færð til hrepps bókar fyrr en hinn 3. mars 1893. Þá var lögð fyrir fund tillaga frá bjargráðanefnd hreppsins “um breytingu á reglugjörð fyrir kveikingu á ljóskerinu á Skipaskaga”. Í henni fólst að eftirleiðis yrði ljósatími miðaður við tímabilið frá 10. september til 10. apríl “og að loga skuli með fullri birtu 60 mín. eftir sólarlag og þangað til 45 mín. fyrir sólaruppkomu dag hvern ofangreint tímabil”. Samþykkt var að beina þessari tillögu til sýslunefndar með áskorun um “að afgreiða hana áleiðis til landshöfðingja”,³² sem með opinberri auglýsingu fyrir sjófarendur tilkynnti þessa breytingu 31. maí 1894 þannig, “að byrjað verður að tendra á ljóskerinu 10. sept. og hætt 11. apríl ár hvert”.³³

Fyrstu vitaverðirnir

Fyrsti gæslumaður ljóskersins á Teigakotsteig var Bjarni Jörundsson smiður á Litlateig (f. 1853), sem gegndi því starfi árið 1890. Formlegt leyfi hafði þá ekki fengist til starfrækslu vitans, sem þó var látin loga á vetrar- og haustvertíðum.

Í febrúar 1891 réð hreppsnefndin Magnús Magnússon Hólm (f. 1864), húsmann í Teigakoti sem vitavörð. Hafði hann umsjón með vitanum frá 1. mars til 14. maí og frá 1. okt. til þess hann druknaði í fiskiróðri á Kúamiði 16. nóv. 1891.

Ath. myndir og upplýs. um aðra vitaverði.

Ætla má að hreppssjóður hafi borið meginþungann af rekstrarkostnaði ljóskersins, að undanskildu árinu 1891. Á fundi sýslunefndar sem haldinn var á Skipaskaga dagana 25.-26. febrúar það ár var lagt fram erindi hreppsnefndar um að sýslusjóður “taki þátt í kostnaði við ljósker á Skipaskaga þetta fardaga-ár að 1/3 hluta”³⁴, en hann var áætlaður 60 krónur.

Beiðni þessi var samþykkt og sömuleiðis

að fara þess á leiti við amtsráðið, að leitað verði styrks úr landssjóði til ljóskersins, og fáist hann eigi, þá verði styrkurinn veittur úr jafnaðarsjóði amtsins, því að nefndinni virðist að ljóskerin sé[u] eigi þörf aðeins fyrir sýslur þær, er þau standa í, heldur fyrir miklu stærri svæði og jafnvel landið í heild sinni, þar sem þau eru til leiðbeiningar hafskipum og stuðla þannig að því að greiða skipaferðir til landsins og kringum það.³⁵

Augljóslega höfnuðu bæði landshöfðingi og amtmaður allri hlutdeild í rekstri ljóskersins, því á fundi sýslunefndar 4. maí 1893 var til umræðu við gerð fjárhagsáætlunar “hvort veita skyldi á þessu ári nokkurn styrk af sýslusjóði til ljóskersins á Skipaskaga, en það var fellt með 7 atkv. gegn 1”.³⁶ Sá sem studdi málið var efalaust Snæbjörn Þorvaldsson kaupmaður.

³⁰ Ibid. (7/10 1891).

³¹ *Borgfirzkar æviskrár* VII, bls. 382; Ministerialbók Garðasóknar.

³² H.A. Gjörðabók hreppsnefndar 1885-1904, bls. 186-187.

³³ *Stjórnartíðindi* 1894 B, bls. 64.

³⁴ ÞÍ. Skjalasafn Borgarfjarðarsýslu I.B.8. Bréfadagbók 1888-1892, nr. 2454.

³⁵ HB. Gjörðabók sýslunefndar XLVI.1. 1874-1899, bls. 231 (26/2 1891), sbr. Bréfabók Ytri-Akraneshrepps 1881-1894 (27/2 1891).

³⁶ HB. Gjörðabók sýslunefndar XLVI.1. 1874-1899, bls. 272.